líón Piastra láni ad halda. Pestin géck í landi þeirra og eyddi miklu, en geysadi þó margføld á Egyptalands herflota, í Tyrkja-her Corschids Pascha's og í og vid Janinu Stad, hvar fólk tjádist fest fallid. Hún géck og yfir Miklagard, Thessaloniku og Alexandríu, en Eyuna Cypern (sjá Klpóst 1822, bls. 99) hafdi Egyptalands Pascha lagt undir veldi sitt. Af 120,000 manna á Eyunni Chios tøldust ein 9000 eptir ordin; hitt allt drepid, flúid, eda í þrældóm burtselt, hvad sídarsta Sóldán bannadi hardléga framvegis; var því ad óttast, ad égendur kristinna fánga, hverja þeir keypt høfdu til þrældóms, mundu sjálfir þessum aldur skapa. Læt eg nú hér med um Grickja og Tyrkja uttalad til vorsins, lifi eg þá til ad fregna vissara af þeirra forløgum.

## Eldgósid eystra

Vona menn ad nú sé algjørlega rjenad, og ad Eyafjalla Jøkull fari smá-kólnandi, þar, sem nú tjáist vid eckert øskufall framar vart verda í bygdum, og ecki vid eldgos, heldur ad eins á stundum lítilfjørlegann hvítann vatns-meck, en opt alls engann yfir Jøklinum. Um óþrif penings á heyum — máské medfram af ofvexti grass þar í sumar — er ad sønnu qvartad, þó hefir fáum kum lóga þurft í grend vid eldinn; hvad, án hans, vill til í øllum sveitum — og óvisst af hverjum meinum. Á fáeinum útigángs sképnum verdur og vart vid Lida- og adra-veiki, þó teljast nú þrif hans yfir høfud øllum líkindum fremri. Ótti fyrir enn lakari afdrifum sídar og tjón búmatar af málnytu meir enn í eitt heilt ár, hefir samt mjøg svo þróst ad fátæklingum í Eyafjalla Sveit um tíma, þó meira hafi máské ord af farid, enn reynslan kénnir. Lendi vid þad, sem komid er, má afleidingu og skadrædi þessa Eldgoss telja einhver hin lítilvægustu hér á landi, og

skadann fljótt bættann þeim, er fyrir honum ordid hafa; vid talsverdar, gódfúsar Gjafir margra til þurfamanna í Eyafjalla Sveit úr mörgum ödrum héródum. Gjafanna upphæd er enn ósjen og því óljós, þó hefir Magnús Hreppstióri Sigurdarson í Eyafjalla sveit, bedid mig hennar vegna ad framfæra sitt innilegt þacklæti til örlátra Gjafara í Vestur-Skaptafells Sýslu, sem auk annarar gódvildar vid nefnda Sveit, hafa friviljuglega þángad af hendi látid og skenkt 1830 fiska vyrdi í ýmislegum naudsynjum, og til Hra. Sýslumanns Þórarins Oefjords, sem í smjöri gefid hefir fyrrnefndri Sveit 212 Fiska, einnig til Buenda í Grimsnesi innan Arness Sýslu, sem gáfu Eyafjalla sveitar naudstöddum 50 saudkindur á ýmsum fullordins aldri.

Ad sama lúta eptirfylgjandi, mér frá annari hendi ad austan sendar Stökur, med bón um þeirra auglýsíngu í Klaustur-Pósti:

---

Lagid: Gud, sem er yfir Gudum nedri.

1. Opt verda kjör vid umbreytíngar, Alda þad lidnir sýna hríngar, vandrædasöm, hvar vellyst bjó; vér megum þar um sama segja, sem egum hérna líf ad teygja, Eldjökuls nálægt ösku-stó.

2. Vesæld hér mundi verda daudi, vér ef ad lidum skort á braudi, vetrar þá tídin vidnáms bad. Vér lifum enn vid líf ógvalid, (lífs hvad er mest af heillum talid), Forsjóninni má þacka þad.

3. Hún fýsti menn til frægdar hraða, sá tækis-búrin nægtum hlada, nálægum sveitung öllum úr. Edallund margra höfum hrósa. Hún sær í gjöfum votta ljósa. Þanninn uppranni ost-skin úr skúr.

4. Sælla' er ad géfa samt, eñ þyggja, sanna Veitendur geymt þeim liggja, ídgjald þrefaldt, sem ávöxt ber: samvitsku kjæti, kjærleik brædra, kórónar bædi hnossid ædra, velþócknan Hans, sem verk öll sjer.

5. Þér, Fedur! Vinir! þöck margfalda, þyggid, fyrst oss til endurgjalda, þrýtur allt, nema þacklátt géd. Um Eyafjalla Sveit nú sýngur, sérhverr skynjandi mann-veslíngur: „Lifi dád Ydar, lofstýr med!"

6. Forsjónar alla vegi vísa, vitum. Hennar skal bending' prísa, Eyfjalla mædt, en frelsad Fólk. Sjá mun þad brádum sælli daga, med sinni glød og hressta maga, og fljóta sveit í sloti' og mjólk. R.......

---

Loksins lýsir Klypóstur þessi, ad bón Sýslumañanna HHra. Jóns Espólíns og Blondals, þeirra opinberri þöck til Hra. Assessors B. Thórarensens, vegna Sýslu-búa þeirra, sem ferdast kuña um Kaldadals veg, fyrir góda vega-bót, er hann á eginn kostnad hefir látid gjøra med rudníngi á þessa Dals laksasta óvegis parti, Skúla-skeidi nefadum.

---

## Dánir teljast:

Jóhann Prestur Bergsveinsson til Garpsdals í Bardastrandar Sýslu, hvert Braud, fyrrmeir talid 18 rdla, 3 mk. 2 ß. Kúrant ad inntektum, þar vid er lidugt ordid; og Sigfús Capellán Arnason til Dvergasteins í Sudur-Múla Sýslu, í flugufregn sagdur druknadur í Lagarfljóti.

Framhalds má sídar vænta. Hér drep eg á: ad Grickjar enn fara sigursælir fram til lands og sjóar í stridi vid Tyrkja, þó engin þjód enn þá leggi þeim lid, og sendu þeir sømu Grickiar, sem þ. 21ta Júnii 1822 (sjá s. á. Klp. bls. 167) qveiktu í Capúdan Pascha's Admiralskipi vid Chios, annars Capúdans Admiralskip vid Tenedos, þ. 10da Nóv, 1822 med 2500 manns á, til himna, en 3ja Capúdan Pascha drap Pestin fyrir Tyrkjum. Jardskjálftar eyddu Aleppó's Stad á Sørlandi, drápu þar 20,000 manna, særdu fleiri og umveltu fleirum Stødum þar; eins Carthagenu í Sudur-Ameriku, og fundust þeir um flest Nordurálfunnar lønd; en Eldfjallid Vesuvius á Vallandi gaus geysilega. Í Mexíkó er Itúrbide krýndur til Keisara, og stjórnar grimmt; en Krónprins Portúgals Don Pedro til Keisara Brasilíu. Columbíu Frílønd þegar vidurkénnd á Spáni, sem Frílønd, og mørg fleiri koma nu vida upp, og breytt Stjórnarløg líkt Englands og Fránkaríkis, í Portúgal, á Spáni og vídar, sem Konúnga-stefnunni í Veróna ecki gédjadist ad; bundu því Austurríkis og Russa Keisarar, Fránkaríkis og Preussa Konúngar samfylgis Sáttmál, ad fá Spánar nýa Stjórnar formi steypt í fornt form og þess Konúng settann í forn vøld, en fólu Fránkaríki einu, fyrst um sinn, med herlidi ad útrétta þetta. Franskt herlid, 100,000 manns, tjáist því þegar fallid inn á Spán, þess Barcelónu Stadur af frønskum herskipum umsetinn og strídid þar þegar brotid út. England enn afskiptalítid, en Spáni og Portúgal mjøg hlidhollt, væntist muni leggja bádum lid, ef vidþarf.

(Framh. í næsta No.)

---

Hjá oss heyrist nú hvergi um Eldgos, þó vatnsgufu leggi vid og vid upp af Eyafjalla Jokli; en eldur og aska úr Skaptár Jokli reyndust ýkjur eda missýningar.

Þó urdu sefadar í brád, og nógt misklídar efni vyrdist nú qvikna á milli Rúslands á adra hlid, en Englands og Nordur-Ameríku hinsvegar, útaf útilokun þjóda af Rússum, frá siglíngum og kaupverdslun á Nordvestur-ströndum Ameríku, eptir forbodi Alexanders Keisara (sjá Klpóst 1822 bls. 113). Þessir fara sigursælir fram í strídinu vid Tyrkja, sem nú gjöra mestann sinn her út þeim til mótstödu, en svo horfist nú á, sem fridar- og sætta-von væri um skammt milli þeirra og Rússa, og ad Grickjar, sem allstadar hafa til lands og sjáar sigursæld ad hrósa, ödlast muni brádlega þad frelsi, fyrir hvörju þeir einir hafa svo manndómslega barist.

(Um hitt sídar.)

Frá vorri Eyu er fátt gledilegt ad fregna. Ógæftir í vor gjördu afla af sjó vída sár-tírann. Sífeldur kulda-stormingur og þurkar til þessa — í flestum héródum — gródurlausa jörd, nema í Eyafjalla Sveit, hvar hann frábær gafst, en málnytu annarstadar vída sár-gagnlausa til þessa, hvara bætist: ad Hafísar seint í Júnió umspenntu Vestfirdi, en ecki er enn sannfrétt um Nordur-strendur Íslands, eda um Austfirdi, og reyndust hestar því mörgum sár-magrir og þróttlausir, eptir þann milda vetur. Nýr, óttalegri jardeldur tjáist, þann 22ann Júnii þ. á., uppkominn í Mýrdals Jökli, sem sjest hefir glöggt bædi úr Vestmannaeyum og Árness Sýslu, en lengra ad austan er fregn enn ókomin, er þetta ritast (þ. 5ta Júl.). Eptir afstödunni halda og segja menn hann vera úr Kötlugjá gosinn, sem nú í 68 ár hefir þó hvílst, edur frá 1755; þá gos hennar vard mjög skadvænt.

Í Flugufregn er: ad lestaferdir úr Skaptafells Sýslu enn þá teppist, vegna geysilegs falls Ösku og Vikurs og Vatnsflóda úr Jöklinum, einkum yfir Mýrdals Sveit, en til eldbjarmans má um nætur sjá jafnvel af Seltjarnarnesi. Á ný útkomid kaup-

Ny í Hafnarfirdi féll þ. 28da—29da Jún. mikid af bláleitri ösku, þá í 20 mílna fjarlægd, en sannfrétt er nú þ. 6ta Júlii, ad eldgosid hafi bilt miklum Jökulhlaupum fram í haf, lagt mikid af út-Mýrdals sveit undir ledju og vatnsflód, og eydilagt Sólheima jörd m. fl.

---

Þess getur Eigla í Kap. LXI: ad Skallagrímur Qveldúlfsson á Borg átt hafi I. eda II. kistur fullar af Silfri — nockrir segja af Gulli — en ad hann, qveldinu fyrir andlát sitt — árid 934 — hafi reidt I. kisto vel mikla í knjám sér burt oc Eirkétil í handarkryka, oc látid fara annadhvert eda bædi í Krumskéldu, en mikinn hellustein á ofan. Kistuna taldi hverr madur sídan verid hafa fulla af Silfri ef ecki Gulli, hefir því mörgum leikid hugur á ad ná í kistuhólkinn, ecki sízt nú vid varandi silfur-eklu og silfursótt med Almenningi, og eru ýmsar tilraunir gjördar ad undanförnu, seinast 1821 af 13 manns ad grafa fé þetta upp, en ætíd forgéfins. — Nú tóku sig enn saman, þann 22ann Junii 1823, Garpar 3 frá Reykjavík og þar í grend; oddvitinn, Gudmundur bóndi Ejólfsson á Bússtödum, Þorvaldur Jakobsson og Hannes Skósmidur Erlendsson, brugdu sér, med 3ur mönnum ödrum, vestur ad Borg á Mýrum, til ad grafa sér þar upp fé og frægd. Þeir unnu ad greftri í Krumskéldu kappsamlega í 2 daga, hér um til 5½ álnar dýptar, en vídd grafarinnar telja þeir framt ad 50 álnum umhverfis ordid hafa. Fyrra daginn fundu þeir hring vid móbergs klöpp, á vídd vid op á stóru staupi, hér um 2 þuml. í þvermælir, flatann og þunnann, ofan á hvern sjest umhverfis silfurlitur, mjór krákustígur, settur á milli mjórra hringlína ödrumeginn; hinumeginn og á milli krákustíganna móberg eitt, líkt og þetta med tímalengdinni, sýllt hefdi opin milli þeirra. Vidar þóttust þeir sjá málm lit á berginu, og héldu þar því fram greftinum hinn seinna daginn, en fundu þó eckert fémætt annad; sáu þeir stein mikinn eda

Á upptök eldgossins í Kötlugjá, sem eiginlega og algiörlega hófst þann 26ta Júnii og á hans helztu verkanir til 1ta Júlii þ. á., hefi eg med færstu ordum minnst í No. 7. á bls. 111 — 112; þar laung, litt merkileg og smásmugleg frásaga sérhvers smábreytilegs vid það, hentar ecki litlu rúmi í mínum Klypósti. Eptirfylgiandi ágrip þess, er sídan framfór, á eg ad þacka Hra. Chirurgo Sveini Pálssyni:

„Frá 1ta til 15da Júlii vóru umbrot í Kötlu ødruhverju med dunum og vatnsflódum framyfir Mýrdalssand, og ødruhverju med smá-jardskjálftum, en litilli sandrigningu í bygdum, sem þó allt fór minkandi, og hætti þann 18da eda 19da Júlii; en fyrst þann 25ta og 26ta, þá jøkul-bjart og heidskírt þar eystra vard, og enginn reykur þá né sídan úr Kötlu sást, urdu menn vissir um ad hún slokknud væri. Ádur er þess getid, ad Sólheimar einir af jørdum í Mýrdal, eyddust í brád vid fyrsta gosid, ad því leiti, ad eckert høgg verdur þar slegid í ár, en vona má, ad þeir taki sig ad mestu til árs, því þar eru nú um mánadamótin uppkomin lítil sandsnøp. Prestssetrid Fell skémmdist svo, ad í ár verdur þar lítid um slægjur og einungis hér og hvar; Pétursey skémmdist og, en adrar jardir ecki til muna, því grasbrest og seigunnin slátt leidir engu sídur af árferdinu enn þessu eldgosi. Álptavers jarda flestra engjar og haga er mælt ad jøkul-ledju áhlaupin (nefnd á bls. 112) hafi skémmt í brád, sópad burt meltaks pløtza gródri og fleytt Melnum í stór-flyksum út til hafs. Líka tók vid þau stór-tré út af Medallands fiørum, af hverjum nockur rak upp undir Eyafjøllum. Úr Álptaveri, Skaptártungu og Medallandi vard fólk ad halda lestaferdum sudur á Fjallabaki edur yfir Mælifellssand, þar Mýrdalssandur vard um tíma ófær og til Júlii loka óvegadur, en Sídumenn flestir sóktu kaupverdslun í Diúpavogi. Á Sídu, Medalland og Skaptártungu féll enginn sandur; en yfir høfud vard þetta Jøkul-

gos lítilvægt mót þeim fyrri, þá allur Fall-Jökullinn fór fram í sjó vid fyrsta og annad hlaup, en nú lækkadi Jökullinn ad eins, jafnvidur um sig enn, sem ádur. Mælt er ad eldingar hafi lostid tvo menn, þó ecki til dauds; og ad Kruggu-vedur med hagli dregist hafi þann 26ta Júnii austan af Sídu-fjöllum, en Katla vaknad vid þad, þegar þær vestur eptir drógust ad hennar Jökli. Á medan hún sprack rauk og meira úr Eyafjalla Jökli, en sídan hún hætti, sjest ad eins vid og vid úr honum eyma hvítleit gufa."

## Brauda-veitingar og Frami.

Þann 7da Júnii þ. á. forsvaradi Presturinn Hra. Gísli Brynjólfsson til Hólma í Reidarfirdi opinberlega í Kaupmannahöfn sitt fyrir Doctors heidri í Heimsspeki med miklum lærdómi samda Rit Periculum Runologicum (Tilraun um Rúnirnar), og ávann sér fyrir þad almennt lof Lærdra og Magisters heidurs Nafn í Bókmentum, edur Doctors í Heimsspeki *), og er hann nú líklega útkominn til síns Prestakalls eystra — Nes-Apóthek er (eins og ádur var lauslega frétt), þann 30ta Maji léut Apóthekara Oddi Thórarensen. Þann 12ta Júlii er, ádur settur Sýslumadur Candidatus Juris Þórarinn Oefjord, af Hra Stiptamtmanni Moltke, settur til Sýslumanns

*) Þessi lærda og merkilega Ritgjörd setur í §. 29., etc. Rúnanna aldur ellstann allra bókstafa myndana og Stafrofa, og þær verid hafa fyrsta Stafrof í heiminum, uppkomid medal þeirra caucasisku Gauta, sem bygdu þau miklu Caucasus fjall-lönd, eptir hverju Stafrofi hann telur öll önnur Stafrof í Austur- og Nordur-álfunni sídar myndud, enn þótt margbreytt, vid þeirrar þjódar útdreifingu um Austur- og Nordur-lönd og Egyptaland.